



Aðalstjórn UMF Stjörnnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 06.06.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Víctor Ingi Olsen (VIO). Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Ábyrgðarskipting aðalstjórnar og nefnda

Tillaga formanns að verkaskiptingu samþykkt. Málefni afrekssjóðs verða á hendi formanns þar til annað verður ákveðið.

3) Fundarsköp aðalstjórnar

Tillaga formanns að fundarsköpum samþykkt með smávægilegum breytingum.

4) Skýrsla framkvæmdastjóra

Íþróttaskóli Stjörnnunnar

Innritun í Nóra gengur vel, 50 þegar skráðir á fyrsta námskeið.

Samanburður við íþróttaskóla í nágrenninu er félaginu hagstæður.

Fyrirspurn foreldris um verðlagningu hefur verið svarað.

Nýtt nafn á knattspyrnuvöll félagsins

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt erindi félagsins um nafngift á aðalvelli.

Málið verður leyst með viðbótarákvæði í samningi um rekstur

knattspyrnumannvirkja.

Nóri – skráinarkerfið

Opið fyrir skráningu í íþróttaskólann. Hert hefur verið á deildum um

tilnefningu tengiliða vegna kerfisins.

Stjörnuhlaup Garðabæjar

Hlaupið tókst vel í alla staði. Þátttakendur voru 107 talsins. Þakkarbréf hefur borist frá Garðabæ um framkvæmdina.

5) Áætlanir deilda félagsins

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu áætlanagerðar og nauðsyn ítrunar áætlana einstakra deilda á grundvelli fjögurra mánaða uppgjors. Gjaldkeri mun vinna áfram að málinu með aðstoð framkvæmdastjóra. Aðalstjórn mun afgreiða áætlanir á fundi í ágúst.



6) Fjögurra mánaða uppgjör félagsins

Gjaldkeri gerði grein fyrir fjögurra mánaða uppgjöri félagsins. Blikur eru á lofti í rekstri meistaraflokkanna í handbolta auk þess sem meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu og meistaraflokkur karla í körfuknattleik þarfnast nánari skoðunar. Þá er nauðsynlegt að fimleikadeild ljúki skilgreiningu á afreksstarfi deildarinnar svo skipta megi bókhaldi fimleikadeildar.

7) Önnur mál

Stefnumótun – þjónusta skrifstofu

Formaður lagði fram lista yfir atriði sem komu út úr stefnumótunarvinnu félagsins. Skjalinu vísað til framkvæmdastjóra til úrvinnslu og tillögugerðar.

Ýmis mál tengd yngri flokka starfi

Gjaldskrár yngri flokka liggi fyrir á miðju sumri og verði kynntar fyrir aðalstjórn. Mikilvægt að yngstu börnin geti kynnt sér hinar ýmsu íþróttagreinar og boðið verði upp á tam 2 vikur án gjaldtöku að hausti. Framkvæmdastjóri benti á möguleikann á að iðkendur geti hætt við innan tveggja vikna frá skráningu, án kostnaðar.

Skólakeppnir

Formaður reifaði hugmynd að íþróttakeppni milli skólanna í bænum með forgöngu Stjörnunnar. Slíkar keppnir voru vinsælar á árum áður og gætu verið gott innlegg í jákvætt framlag félagsins til bæjarbragsins í Garðabæ.

Möguleg sameining Garðabæjar og Álftaness

Formaður hvatti sjórnarmenn til umhugsunar um með hvaða hætti félagið ætti að bregðast við mögulegri sameiningu Garðabæjar og Álftaness.

Fundi stitið kl. 19:05.

Ritað PGr.